



**ORKUSTOFNUN**

**Verkefnauppgjör Vatnamælinga gagnvart  
Rafmagnsveitum ríkisins árin 1989-1994**

**Kristinn Einarsson,  
Árni Snorrason,  
Helgi Gunnarsson**

**Greinargerð KG-ÁSn-HG-95-03**

**VERKEFNAUPPGJÖR VATNAMÆLINGA  
GAGNVART RAFMAGNSVEITUM RÍKISINS  
árin 1989-1994**

**INNGANGUR**

Greinargerð þessi tengist beint fyrri greinargerð KE/ÁSn/HG-95/01, sem inniheldur verkefnauppgjör Vatnamælinga fyrir árið 1994, og KE-94/02, sem inniheldur yfirlit um stöðu vatnamælingaverka fyrir Rafmagnsveitur ríkisins árin 1989 til 1993. Tilgangurinn með henni var að gera nánari grein fyrir stöðu vatnamælingaverka fyrir Rafmagnsveitur ríkisins, í kjölfar átaks í úrvinnslu gagna frá rafstöðvum. Hér er bætt við árinu 1994 og þróun hins árlega vinnutíma athuguð nánar.

**1. SKIPTING VINNUTÍMA OG KOSTNAÐAR HJÁ RAFMAGNSVEITUM  
RÍKISINS 1994**

Grunntölur samstarfssamnings OS og Rarik frá 1993-01-18 í fylgiskjali frá í október 1991 gera ráð fyrir 50 útvinnustundum (á 206.305 kr.) og 549 innivinnustundum (á 1.171.187 kr.), alls 599 stundum á kr. **1.377.492**, allt reiknað á einingarverði ársins 1994. Fyrirframgreiðslur Rafmagnsveitna ríkisins á árinu 1993 vegna framangreinds (að meðtalinni sérstakri greiðslu fyrir kvörðun Lagarfossvirkjunar að upphæð kr. 134.794) námu kr. **1.379.262** (sjá töflu 4 í greinargerð KE-95/01) á móti vinnuframlagi (167,2 klst. í útvinnu og 1.834,1 klst. í innivinnu) að upphæð kr. **4.602.794**, en til uppgjörs fyrir árið 1994 koma kr. **3.223.532**. Framangreindar upphæðir eru allar án VSK.

Rétt er eins og áður að líta á vinnutíma og uppgjör fyrri ára, áður en til lokauppgjörs kemur.

**2. VINNUTÍMI OG HEILDARUPPGJÖR ÁRANNA 1989-1994**

Í töflu 1 hér á eftir er gefið heildaryfirlit um raunverulegt og greitt vinnuframlag Vatnamælinga fyrir Rafmagnsveitur ríkisins vegna vatnshæðarmælakerfisins. Tölurnar eru sóttar í árlegt uppgjör Vatnamælinga, sem gert hefur verið frá árinu 1989. Þess má geta, að áður hafa Orkustofnun og Rarik gert upp endanlega sín á milli vinnu árunna 1987 og 1988.

Rétt er að geta þess, að 20 klst. í útvinnu og 8 klst. í innivinnu voru vegna kvörðunar Lagarfossvirkjunar, en hún var sérverk utan heildarsamnings.

Svo sem sjá má, hafa Vatnamælingar skilað í heild útvinnu sem nemur 23,4 klst. og innivinnu sem nemur 2.664,5 klst. umfram það sem innheimt hefur verið. Á verðlagi ársins 1994 kæmu því til áfangauppgjörs árunna 1989 til 1994 kr. **6.085.261**, yrði það niðurstaða samningsaðila að gera árin 1989-1994 upp peningalega í ár.

Hvað varðar útvinnu, þá virðast 140-150 klst. á ári vera algengt vinnuframlag, og gæti því stefnt í óefni með uppsöfnun skulda að óbreyttri 50 klst. fastri árlegri greiðslu. Erfiðara er að áætla algengt vinnuframlag í innivinnu, en á árunum 1993-94 var gert myndarlegt átak í úrvinnslu og útgáfu eldri gagna frá rafstöðvum Rarik. Algjört lágmark til að hafa naumlega undan við skráningu gagna virðist geta verið um 300 klst. á ári. Að því gefnu að jafnvægi geti ríkt í greiðslu fyrir útvinnu, tæki það þá rúmlega 10 ár að jafna núverandi greiðslustöðu fyrir innivinnu. Að þeim tíma

TAFLA 1. Unnar og greiddar vinnustundir fyrir Rarik 1989 til 1994

Ár	Útvinna, klst.				Innvinna, klst.			
	Unnið	Greitt	Mismunur	Σ mismunur	Unnið	Greitt	Mismunur	Σ mismunur
1989	330.1	270	60.1	60.1	322.2	682	-359.8	-359.8
1990	140.4	270	-129.6	-69.5	290.2	682	-391.8	-751.6
1991	29.3	130	-100.7	-170.2	26.3	666	-639.7	-1391.3
1992	51.5	50	1.5	-168.7	667.9	549	118.9	-1272.4
1993	144.9	50	94.5	-73.8	3208.8	549	2659.8	1387.4
1994	167.2	70	97.2	23.4	1834.1	557	1277.1	2664.5

liðnum gætu svo úrvinnslu- og útgáfumál krafist átaks að nýju.

Það eru hagsmunir beggja aðila að varðveita stöðugleika í fjárstreymi sín á milli, og er lagt til að endurskoða lítilla áætlunargreiðslu sammingsins fyrir yfirstandandi ár, þannig að ekki hlaðist upp skuldir.